

## VIÐAUKI 4

### Fuglalíf í Arnarnesvogi, bráðabirgðaúttekt

Jóhann Óli Hilmarsson, 2001

#### Fuglalíf í Arnarnesvogi Yfirlit

#### Inngangur

Að beiðni Rúnars D. Bjarnasonar hjá verkfræðistofunni Hönnun h.f., tók undirritaður að sér að gera úttekt á fuglalífi í Arnarnesvogi vegna hugmynda um uppfyllingu í voginum, gerð smábátahafnar o.fl. framkvæmda. Verkefnið felst aðallega í reglubundnum fuglatalningum frá hausti 2000 framá sumar 2001, en jafnframt að gera grein fyrir fuglalífi í voginum í bráðabirgðayfirliti í mars 2001, sem hér er sett fram. Stefnt er að því að skila lokaskýrslu sumarið 2001.

#### Aðferðir og athugunarsvæði

Þegar farið var að skoða hvaða gögn lægju fyrir um fuglalíf í Arnarnesvogi kom í ljós, að engar heilsteyptar athuganir hafa verið gerðar á fuglalífi vogarins og því ekki grundvöllur til að vinna skýrslu um það, án undangenginna athugana. Það eina sem til er, eru tilviljanakenndar athuganir í dagbókum fuglaskoðara, sem oftast eru í leit að flækingsfuglum. Náttúrufræðistofnun stendur árlega fyrir svonefndum jólatalningum, en þá eru fuglar taldir víða um land í svartasta skammdeginu (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989, sjá mörk svæða í: María Harðardóttir o.fl. 1998). Talningarsvæðin eru fyrirfram ákveðin og eru hin sömu ár eftir ár. Arnarnesvogur fellur þar innan stærra svæðis og er ómögulegt að sjá á talningargögnum hvaða fuglar hafa verið í voginum og hvaða fuglar annars staðar á talningarsvæðinu. Á árunum 1980 og 1981 voru fuglar taldir reglulega í Kópavogi og Grafarvogi (Arnþór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989). Ástæða er til að ætla, að nokkur samgangur fugla sé milli Arnarnes- og Kópavoga og samsetning fuglafánunnar svipuð, svo hugsanlega er eitthvað hægt að lesa í viðkomu fugla í Arnarnesvogi útfrá talningum í Kópavogi. Leirurnar í Kópavogi eru þó stærri og enginn samanburður hefur verið gerður milli voganna, sem réttlætti notkun þess konar vísitölu. Loks má geta um úttekt á varpfuglum á Suðvesturlandi (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 1994). Þar er útbreiðsla varpfugla sett fram samkvæmt 10X10 km reitakerfi og gefur því aðeins grófa mynd af útbreiðslu varpfugla á stóru svæði. Lítið er orðið eftir af varplandi í voginum hvort sem er.

Reglulegar talningar í Arnarnesvogi hófust í september 2000, en tvær undirbúningstalningar höfðu verið gerðar í ágúst. Gert er ráð fyrir talningum á tveggja vikna fresti í vetur og a.m.k. vikulega í vor. Talið er á öllum voginum, ytri mörk svæðisins er um línu, sem dregin er frá Eskinesi í Gálgahrauni og yfir í Arnarnes. Talningarsvæðinu er skipt í tvennt um uppfyllinguna (höfnina) við Stálvík (sjá kort). Allir fuglar eru taldir og greindir til tegundar. Einnig eru þeir aldurs- og kyngreindir eftir því sem þurfa þykir. Við talninguna er notuð fjarsjá með 15-60 sinnum stækkun og hefðbundin handsjónauki. Talið er af nokkrum völdum útsýnisstöðum eða fjaran gengin, eftir því sem við á.

Upplýsingar um fuglalíf í Arnarnesvogi fengust m.a. frá Yann Kolbeinssyni, Jóni Einari Jónssyni, Kjartani G. Magnússyni, Jóhanni H. Nielssyni, Þórdísi Gústavsdóttur og Brynju Dís Valsdóttur. Ólafur Einarsson og Ólafur Karl Nielsen lásu yfir drög að yfirliti þessu.

#### Niðurstöður

Niðurstöður talninga frá ágúst 2000 til mars 2001 eru sýndar í 1. töflu. Það kom í ljós, að mest um 1000 fuglar sáust í talningu í lok september, en fæstir voru þeir 11 í janúar, þegar vogurinn var allagður og fjörur ísaðar. Einnig sést í töflunni, að flestir fuglar héldu til austan megin í voginum. Ósar lækjanna, Hraunsholtslækjar og Arnarneslækjar, voru mjög vinsælir hjá öndum og vaðfuglum. Alls sáust 38 tegundir fugla í talningunum og þrjár aðrar í gördum nærri eða við læki sem renna í voginn. Algengustu fuglar, með yfir 200 einstaklinga í talningu, voru margæs, æður, heiðlóa og sílamáfur. Sílamáfurinn verpur í Gálghrauni og voru stórir hópar unga og fullorðinna fugla vestast í voginum í ágúst og september. Einnig sást nokkuð af margæs og heiðlóu í og við hraunið, en annars héldu fjörufluglar sig mest austanmegin. Æður og hávella voru síðan dreifðar um voginn sjálfan.

**1. Tafla. Fugltalningar í Arnarnesvogi frá ágúst 2000 til mars 2001.** Talið var frá Arnarnesi að Eskinesi, en voginum skipt í tvennt um uppfyllinguna hjá Stálvík.

Dags.	(5. ág.)	29. ág.	28. sept.	14. okt.	26. okt.	9. nóv.	23. nóv.	11. des.	27. des.	10.1.01	25.1.	15.2.	10.3.
Austan megin	-	322	682	206	294	151	151	114	165	9	112	98	102
Vestan megin	-	307	314	34	27	52	31	47	5	2	64	77	115
Allur vogurinn	549	629	996	240	322	203	182	161	170	11	176	173	217

Alls er kunnugt um 55 tegundir fugla úr Arnarnesvogi og á sú tala vafalaust eftir að hækka með auknum athugunum. Talningar og gögn fuglaskoðara sýna, að endur hafa vetrardvöl í Arnarnesvogi, sérstaklega er hann mikilvægur fyrir rauðhöfðaendur og er hann einn aðal vetrardvalastaður hennar hér á landi, ásamt fáeinum öðrum vogum og víkum á Suðvesturlandi (Jón Einars Jónsson, óbirt gögn). Auk þess eru urtendur, stokkendur, duggendur, æðarfugl og hávellur tíðar í voginum, auk hinnar sjaldgæfu hvinandar. Af öðrum fuglum má nefna fálka og smyril, sem eru árvissir og nokkrum sinnum hafa stakir ernir sést. Talsvert af flækingsfuglum sjást að jafnaði í Arnarnesvogi, m.a. sást þar klapparmáfur í fyrsta sinn hér á landi árið 1995 (Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 1997).

## Umræða

### *Atferli og dreifing fugla í Arnarnesvogi*

Talið hefur verið á fjöru og því eru fuglar langoftast að eta. Ekki hafa verið gerðar sérstakar athuganir á hegðun fuglana eða útbreiðslu, umfram það sem hér er lýst og kemur frá á meðfylgjandi kortum. Æðarfugl og hávella eru kafendur sem leita sér ætis á grunnsævi. Æðurin kafar til botns eftir æti, t.d. kræklingi og krabbadýrum, meðan hávellan etur svif í sjónum. Hún er eina öndin sem er svifæta. Þessir fuglar halda oftast til úti á voginum, en æðurin á þó til að leita ætis í eða rétt við fjöruborð. Sömuleiðis fiskiæturnar dílaskarfur og toppönd. Dílaskarfar sjást líka reglulega sitja uppi á steinum yst á Eskinesi. Gráendurnar stökkönd, rauðhöfðaönd og urtönd sjást helst í fjörunni, fjöruborðinu eða á sjónum næst fjörunni, þar sem þær leita sér ætis. Fæða þeirra er bæði jurta- og dýrakyns. Duggönd, skúfönd og hvinönd eru dýraætur, sem kafa eftir æti á grunnu vatni, oftast úti á voginum skammt frá landi. Stærstu margæsaþóparnir sáust leita sér ætis við Arnarnes að ósi Arnarneslækjar, en í minna mæli við Eskines (af 237 fuglum 28. sept. 2000 voru 221 austan megin). Margæsin er jurtaæta, sem lifir aðallega á marhálmi og sjávarfitjungi, en fer einnig nokkuð í tún. Marhálmur er háplanta sem vex í sjó, en sjávarfitjungur er fjöruplanta, sem vex á svonefndum sjávarfitjum.

Vaðfluglar eru að öllu jöfnu fjörufluglar í Arnarnesvogi og héldu þeir sig mest í fjörum austan megin í voginum. Skoðað var hlutfall algengustu vaðfluglanna, heiðlóu, stelks og tildru, milli vestur- og austurhluta vogsins. Áttatíu og tvö prósent voru taldir á austursvæðinu á móti 18% vestan megin. Fæða fjögurra vaðflugategunda var könnuð í Grafarvogi og Kópavogi 1980 (Arnþór Garðarsson og Ólafur Karl Nielsen 1989). Aðalfæða rauðbrystings, lóupræls og sendlings voru lindýr (t.d. doppur, kræklingar og sandskel) og lirfur leirumýs. Heiðlóa

tók sömu fæðu, en einnig ýmislegt annað eins og maðkamóður, burstorma og marflær. Fæða vaðfugla í Arnarnesvogi hefur ekki verið könnuð sérstaklega, en búast má við að hún sé svipuð og í hinum vogunum. Tjaldur er þekkt sandmaðksæta. Sílamáfur var mjög algengur um haustið, þegar fuglar úr varpinu í Gálgahrauni sóttu í hraunjaðarinn og sjóinn við hraunið. Máfar hafa mjög breiðan matseðil, sækja jafnt í fjörudýr, fisk, úrgang, ber, ánamaðka og svo mætti lengi telja. Starar og hrafnar sækja talsvert í fjöruna í Arnarnesvogi eftir æti, en þeir sækja einnig í fæðu sem fellur af gnægtaborði mannsins.

### *Skráðar náttúruminjar*

Arnarnesvogur og Hraunsholtslækur eru á Náttúruminjaskrá. Vogurinn er hluti af svæði 117 í skránni frá 1996, en undir það heyra fjörur frá Álftanesi að Kársnesi. Auk þess er Hraunsholtslækur á skrá ásamt Vífilsstaðavatni (svæði 114). Þau svæði sem eru á Náttúruminjaskrá hafa mikið náttúruverndargildi og full ástæða er til að friðlýsa þau (Náttúruverndarráð 1996). Fjörur og grunnsævi frá Bala á Álftanesi að norðanverðu Seltjarnarnesi, eru auk þess á skrá Alþjóða fuglverndarsamtakanna (BirdLife International) um Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (Important Bird Areas/IBA, Ólafur Einarsson 2000). Fjörur Skerjafjarðar eru fjölbreyttar að gerð, sjávarfitjar, leirur, sandfjörur, klapparfjörur og fleira og þar þrífst ríkulegt fuglalíf.

Skerjafjörður er á skrá um mikilvæg fuglasvæði, vegna þess að fimm fuglategundir falla undir alþjóðlega skilgreiningu um mikilvægi. Þetta eru margæs, æðarfugl, sendlingur, rauðbrystingur og tildra. Æðurin er staðfugl í Skerjafirði. Varpið í Bessastaðanesi telur um 3000 pör og er það hið stærsta á Innnesjum. Sendlingur er vetrargestur og margæs, tildra og rauðbrystingur eru umferðarfuglar. Tildran er einnig í minna mæli vetrargestur. Milli 5 og 10% kviðljósu undirtegundar margæsarinnar hefur viðdvöl á Álftanesi og við Skerjafjörð á vorin. Aðrir fuglar sem skráin telur upp að séu mikilvægar í Skerjafirði eru: hávella (vetrargestur), tjaldur (varpfugl og umferðarfugl), lóuþræll (umferðarfugl) og stórir máfar (vetrargestir). Máfarnir eru silfurmáfur, bjartmáfur, hvítmáfur og svartbakur (Ólafur Einarsson 2000). Þessir fuglar hafa allir viðkomu í einhverjum mæli í Arnarnesvogi, en vortalningar eiga eftir að leiða í ljós umfang vorfars flestra umferðarfuglanna.

### *Mikilvægi fjara á Innnesjum fyrir fugla*

Íslenskar leirur eru afar mikilvægar fyrir fugla, hundruð þúsunda eða jafnvel milljónir nýta sér þessar auðugu fæðuuppsprettur. Sérstaklega eru þær mikilvægar fyrir farfugla, bæði þá sem hér verpa, svo og umferðarfugla á leið milli vetrarstöðva í Evrópu og varpstöðva á Grænlandi og N-Kanada (Guðmundur A. Guðmundsson 1992). Fuglarnir endurnýja orkubirgðir sínar á "bensinstöðinni Íslandi" á hinni erfiðu flugleið yfir Norður-Atlantshafið og jafnvel Grænlandsjökul. Stærstu leirusvæði landsins eru við Faxaflóa og Breiðafjörð, en þessi landgæði eru takmörkuð. Leirur og fjörur á Innnesjum (höfuðborgarsvæðinu) hafa mjög átt undir högg að sækja síðustu áratugi. Allar fjörur frá Gufunesi og útá Seltjarnarnes hafa nú verið eyðilagðar, að frátöldum innanverðum Grafarvogi og Gufuneshöfða. Bakkatjörn á Seltjarnarnesi og Bessastaðatjörn á Álftanesi hafa verið stíflaðar, en báðar voru leirur fram yfir 1960. Mjög hefur verið sótt að Hvaleyrarlóni í Hafnarfirði með uppfyllingum. Það hefur verið kappsmál náttúruverndarmanna, að reyna að halda í þær fáu leirur og voga, sem enn hefur ekki verið raskað á Innnesjum og hafa nýlegar hugmyndir um uppfyllingar í Skerjafirði, við Örfirisey og víðar, þótt stinga í stúf við þá baráttu, auk þess sem landskortur hefur hingað til ekki þótt há Íslendingum. Því er lagt til, að friðlýsingarkosturinn verði metinn til jafns við aðra valkosti, þegar framtíð Arnarnesvogar verður ráðin. Einnig sá möguleiki, að fjarlægja núverandi uppfyllingu í voginum og endurhæfa fjöruna í upprunalegri mynd.

### *Lokaorð*

Talningar haustið 2000 sýndu, að Arnarnesvogur er mikilvægur viðkomustaður farfugla, sérstaklega margæsar og heiðlóu. Meira en 1% kviðljósu margæsarinnar (*Branta bernicla hrota*) hefur viðkomu í voginum, sem hefur því gildi á heimsvísu fyrir tegundina samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum (Ólafur Einarsson 2000). Auk þess sást mikið af sílamáfi í vesturhluta vogarins fyrri part hausts og æðarfuglar í voginum fóru yfir 250 í einni talningu. Æðarkollur úr varpinu á Bessastaðanesi hafa sést í Arnarnesvogi (María Harðardóttir o.fl. 1998).

Þegar rýnt var í gögn frá fuglaskoðurum kom m.a. í ljós, að vogurinn er orðinn einn helsti dvalarstaður fugla á Innnesjum á veturna, sérstaklega er andalíf þar ríkulegt og fer vaxandi. Hann virðist hafa tekið við af Skerjafirði, eftir að ræsið við Skildinganes var lagt af, en þar var áður tegundaauðugasti fuglastaður landsins yfir háveturinn.


Að lokum eru dregnar saman þær upplýsingar sem nú liggja fyrir og um leið velt upp helstu spurningum, sem er ósvarað um fuglalíf í Arnarnesvogi:

#### **Það sem er vitað:**


- Vogurinn er mikilvægur fyrir fugla á farti á vor og haust. Sérstaklega bar mikið á margæs og heiðlóu haustið 2000. Margæs sést líka í hópum á vorin, yfir 1% stofnsins sem hefur viðdvöl hér á landi, hefur viðkomu í voginum.
- Vogurinn er mikilvægur fyrir fugla á veturna, sérstaklega ýmsar endur.
- Endurnar (sem og aðrir fuglar) sækja mikið í ósa Hraunholtslækjar og Arnarneslækjar.

#### **Spurningar sem er ósvarað:**


- Hvernig nýta fuglar voginn öðruvísi en til fæðuöflunar?
- Hvaða fuglar sækja í voginn á flóði.
- Hvaða fuglar hafa viðdvöl í voginum á farti á að vori?
- Hvaða fuglar verpa við voginn, hversu mikilvægur er hann sem uppeldisstöð fyrir æðarunga og aðra andarunga?




Talningarsvæðið í Arnarnesvogi og skipting þess í vestur - og austurhluta.



Útbreiðsla anda í Arnarnesvogi.



Útbreiðsla sílamáfs í Arnarnesvogi.



## Útbreiðsla vaðfugla og margæsa í Arnarnesvogi

### Heimildir

Arnpór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989. *Fuglalíf á tveimur leirum við Reykjavík. I. Vaðfuglar*. Náttúrufræðingurinn 59(2): 59-84.

Guðmundur A. Guðmundsson 1992. *Flight and migration strategies of birds at polar latitudes*. Doktorsritgerð við háskólann í Lundi, 195 bls.

Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 1997. *Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1995*. Bliki 18: 23-50.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson & Jóhann Óli Hilmarsson 1994. *Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987-1992*. - Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 25, 126 bls.

María Harðardóttir, Ólafur Einarsson & Ævar Petersen 1998. *Dreifing æðarfugla úr varpi*. Bliki 19: 57-69.

Náttúruverndarráð 1996. *Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar*. Reykjavík, 7. útgáfa, 64 bls.

Ólafur Einarsson 1999. IBAs in Iceland. Í: M. F. Heath and M. I. Evans (ritstj).

Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation. (Um Ísland í: Skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Evrópu): 341-363. - BirdLife International, Cambridge.

Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989. *Vetrarfuglatalningar 1987*. Fjölrit  
Náttúrufræðistofnunar nr.11.

Reykjavík í mars 2001  
Jóhann Óli Hilmarsson